



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabæ, 18. desember 2023
2303098 JKH

00.36

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Suðurnesjabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál.

Bókun bæjarráðs Suðurnesjabæjar frá 6. desember 2023

Við umfjöllun bæjarráðs Suðurnesjabæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga á fundi þann 6. desember 2023 var eftirfarandi samþykkt samhljóða. Neðangreind bókun bæjarráðs var send til Alþingis þann 7. desember 2023.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hefur Suðurnesjabær fengið frumvarpið til umsagnar. Drög að frumvarpi var til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda í mars sl. Í umsögn Suðurnesjabæjar um drögin voru gerðar athugasemdir um allmörg atriði en ekki verður séð að tillit hafi verið tekið til þeirra í endanlegu frumvarpi. Samkvæmt útreikningum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árið 2023 sem samanburðarár, lækka framlög til Suðurnesjabæjar um 204,9 mkr. ef frumvarpið verður að lögum, eða sem nemur 28,6% m.v. núverandi framlög. Útkomuspá Suðurnesjabæjar fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu bæjarsjóðs upp á 21,6 mkr. m.v. núverandi fyrirkomulag. Ef löggin væru komin að fullu til framkvæmdar mætti gera ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu rekstrar bæjarsjóðs upp á 226,5 mkr.

Suðurnesjabær mótmælir því harðlega að samþykkt verði lög á Alþingi sem ganga jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og fela í sér þann mismun sem að framan er rakið og sem mun á augljósan hátt hafa neikvæð áhrif á þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Áætluð lækkun framlaga frá Jöfnunarsjóði um meira en 200 milljónir á ári mun leiða til verulegs og viðvarandi rekstrarhalla Suðurnesjabæjar. Sveitarfélagið mun því að óbreyttu þurfa að skerða lögbundna þjónustu við íbúa, þvert á þau fyrirheit sem gefin voru við sameiningu Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs árið 2018.



SUÐURNESJABÆR

Í jafn umfangsmiklu máli og hér er á ferð geta sveitarfélög og samtök þeirra á engan hátt unað því að gerðar séu grundvallar breytingar á

frumvarpinu, án samráðs, rétt fyrir framlagningu þess á þingi. Breyting á 13. gr. frumvarpsins mun helst gagnast sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar. Breytingin gengur þvert gegn markmiðum frumvarpsins og mun valda tilfærslu verulegra fjármuna frá sveitarfélögum sem hafa takmarkaða möguleika til tekjuöflunar til sveitarfélaga sem gætu auðveldlega aukið tekjur sínar með öðrum leiðum.

Suðurnesjabær skorar því á öll sveitarfélög að mótmæla slíkum vinnubrögðum harðlega og væntir þess að Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga geri það einnig.

Samkvæmt frumvarpinu verður nýtt fyrirkomulag jöfnunar innleitt á þremur árum og kemur til fullrar framkvæmdar á fjórða ári eftir gildistöku laganna. Fyrir sveitarfélög sem verða fyrir miklum skerðingum er þessi aðlögunartími of stuttur. Verði frumvarpið að lögum telur Suðurnesjabær nauðsynlegt að lengja innleiðingartímabilið í að lágmarki átta ár.

Samþykkt samhljóða að fela bæjarstjóra að senda ítarlega umsögn um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til Alþingis.

Almennt um frumvarpið

Suðurnesjabær tekur undir með öðrum sveitarfélögum að rétt sé að sérstök lög séu sett um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og er fullur skilningur á því að sníða þurfi vankanta af reglum um núgildandi ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum. Jafnframt er mikilvægt að regluverk um sjóðinn sé vel skiljanlegt, fyrirsjáanlegt og gegnsætt þannig að öllum ætti að vera ljóst hvernig Jöfnunarsjóður sveitarfélaga virkar.

Það er mikilvægt að ríki og sveitarfélög eigi með sér náð samráð um mikilvæg málefni, ekki síst þegar um stór og umfangsmikil mál er að ræða sem varða grundvöll starfsemi og getu sveitarfélaga til að standa undir lögbundinni þjónustu og almennri starfsemi. Eins og bent er á í bókun bæjarráðs Suðurnesjabæjar þá gerði sveitarfélagið athugasemdir við drög að frumvarpi sem var í samráðsgátt stjórnvalda fyrr á árinu. Suðurnesjabær hefur ekki fengið efnisleg viðbrögð við sínum athugasemdum. Þetta er ekki dæmi um vandað samráð við sveitarfélögin í svo miklu grundvallarmáli.

Einnig er rík ástæða til að átelja samráðsleysi fyrir framlagningu frumvarpsins sem felst í því að þegar frumvarpið birtist á Alþingi kom í ljós að gerðar höfðu verið verulegar grundvallar breytingar á 13. grein frumvarpsins, er varðar hámarksnýtingu útsvars. Slíkt samráðsleysi er átalið, auk óreiðu í framlagningu gagna og er það ekki til þess fallið að skapa traust í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Nánar er vikið að 13. gr. síðar í umsögninni en Suðurnesjabær gerir þá kröfu að ákvæðinu verði breytt til fyrra horfs.



SUÐURNESJABÆR

Þá má benda á að þegar frumvarpið sem nú liggur fyrir kom fram á vef Alþingis var verulegur formgalli á tilvísunum í gögn sem gerði það að verkum að skýringarmyndir og dæmi birtust ekki en úr því var bætt eftir ábendingu til Alþingis.

Áhrif frumvarpsins á framlög til Suðurnesjabæjar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að þrjú jöfnunarframlög; fasteignaskattsframlag, útgjaldajöfnunarframlag og tekjujöfnunarframlag verði felld niður en þess í stað komi eitt jöfnunarframlag. Suðurnesjabær hefur fengið framlög frá Jöfnunarsjóði á grundvelli fasteignaskattsframlags og útgjaldajöfnunarframlags, en ekki tekjujöfnunarframlag.

Suðurnesjabær hefur fengið útreikning frá Jöfnunarsjóði sem sýnir fram á að miðað við núverandi framlög frá Jöfnunarsjóði árið 2023, munu framlög lækka um 204,9 mkr. þegar og ef lögin koma til fullrar framkvæmdar. Útreikningar sýna að Suðurnesjabær muni fá 511,4 mkr. á grundvelli hins nýja jöfnunarframlags, í stað þeirra 108,1 mkr. sem sveitarfélagið hefur fengið á grundvelli fasteignaskattsframlags og 608,2 mkr. útgjaldajöfnunarframlags, alls 716,3 mkr. Þetta er lækkun á framlagi sem nemur um 29%.

Suðurnesjabær mótmælir því að Alþingi samþykki frumvarp sem gengur jafn harkalega gegn hagsmunum sveitarfélagsins og íbúa þess.

Þessar breytingar munu hafa verulega neikvæð áhrif á fjárhag og afkomu sveitarfélagsins og möguleika þess til að veita þá þjónustu sem lögbundin er. Samkvæmt útkomuspá um rekstur Suðurnesjabæjar árið 2023 ráð fyrir rekstrarhalla A-hluta bæjarsjóðs að fjárhæð 21,6 mkr. Það liggur því ljóst fyrir að ef skerðing framlaga Jöfnunarsjóðs væri komin til framkvæmdar væri rekstrarniðurstaðan neikvæð upp á 226,5 mkr. Við slíkar aðstæður þyrfti að ganga hart fram í að skera niður starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins til að standast viðmið fjármálareglna sveitarstjórnarlaga. Það er jafnframt ljóst að samþykkt frumvarpsins myndi ógna fjárhagslegri sjálfbærni Suðurnesjabæjar, sem grefur undan velferð íbúanna og hefur neikvæð áhrif á búsetuskilyrði þeirra.

Nánar er hér á eftir farið í einstaka þætti sem skýra áætlaða lækkun framlaga.

Kostnaður við rekstur fjölkjarna sveitarfélags

Við sameiningu sveitarfélaganna Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs árið 2018 varð Suðurnesjabær til og nær sveitarfélagið m.a. til tveggja álíka fjölmennra byggðakjarna. Við sameiningu sveitarfélaganna var gengið út frá því að íbúar í báðum byggðakjörnum skyldu njóta sambærilegrar þjónustu sveitarfélagsins.

Suðurnesjabær leggur áherslu á að útgjaldabreyta er varðar kostnað sveitarfélaga við að halda úti þjónustu í fleiri en einum byggðakjarna verði endurskoðuð og vægi þess verði aukið frá því sem gert er ráð fyrir samkvæmt frumvarpinu. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að þéttbýliskjarnar umfram einn í sveitarfélagi hafi nægilega hátt vægi til að endurspeglar þann kostnaðarmun sem liggur í því að veita þjónustu víðar en á einum stað. Þetta er ósanngjarnt og fellur ekki að þeim



SUÐURNESJABÆR

markmiðum að fleiri sveitarfélög sameinist, né stefnu stjórnvalda um þróun sveitarstjórnarstigsins.

Útgjaldabreytur sbr. viðauka I með frumvarpinu ná að álitu Suðurnesjabæjar ekki nægilega vel utan um þann kostnað sem fylgir því að þjónusta verður ekki sameinuð á einum stað í fjölkjarna sveitarfélagi.

Athugasemdum sem fram hafa komið um þessi atriði hefur verið svarað á þann veg að vægi fjölda þéttbýliskjarna hafi verið hækkað, en í ríkara mæli sé tekið tillit til tekna sveitarfélaga og geti framlög til tekjuhárra sveitarfélaga því lækkað af þeim sökum. Suðurnesjabær telur þessa fullyrðingu ekki standast skoðun. Tekjur sveitarfélaga eru meðhöndlaðar með sama hætti í frumvarpinu og verið hefur við útreikninga framlaga. Hið rétta er hins vegar að það sem helst veldur lækkun framlaga til tekjuhárra sveitarfélaga er afnám fasteignaskattsframlagsins. Því miður verður ekki séð að við vinnslu frumvarpsins hafi verið lagt í vinnu við að greina kostnað sveitarfélaga út frá framangreindum þáttum. Þegar ráðist er í jafn umfangsmiklar kerfisbreytingar og hér er lagt til verður að vanda vel til verka til að fyrir liggi vissa fyrir því hvaða þættir hafa áhrif á útgjaldabætur sveitarfélaga. Suðurnesjabær fer fram á að vægi útgjaldastuðla verði endurskoðað út frá framangreindu.

Aðrar útgjaldabreytur

Samsetning útgjaldastuðuls er einn af grundvöllum á útreikningi framlaga úr Jöfnunarsjóði. Þannig skipta einstaka breytur og hlutföll bak við hverja breytu miklu máli við útreikninga. Allar breytingar á hlutföllum milli einstaka breyta hafa þannig bein áhrif. Samkvæmt útreikningi í því reiknilíkani sem unnið er með kemur m.a. fram að kostnaður við rekstur grunnskóla Suðurnesjabæjar er ekki hærri en í öðrum sveitarfélögum. Hlutfall barna er hátt í íbúasamsetningu Suðurnesjabæjar og er það viðamikil breyta.

Íbúum Suðurnesjabæjar hefur fjölgað undanfarin ár og er fyrir séð að sú þróun haldi áfram, m.a. ef mið er tekið af uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og eftirspurnar eftir íbúðalóðum. Bent er á að framangreint þurfi að skoða sérstaklega í tilviki Suðurnesjabæjar, til dæmis verði forsendur um viðmið íbúafjölgunar um 2,5% á ári sl. 3 ár yfirfarnar sérstaklega í tilviki Suðurnesjabæjar. Þá er rétt að benda á að hlutfall íbúa með erlendan bakgrunn er yfir 20% og hefur farið hækkanði. Nauðsynlegt er að tekið sé fullt tillit til þessarar þróunar, varðandi framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál og í því sambandi er vísað í eitt af megin markmiðum með frumvarpinu.

Afnám fasteignaskattsframlaga.

Um helmingur af lækkun framlags til Suðurnesjabæjar, eða um 101 mkr. á ári, skýrist af því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að hætt verði að greiða framlög til jöfnunar tekjutaps einstakra sveitarfélaga vegna lækkunar fasteignaskattstekna í kjölfar breytingar á álagningarstofni mannvirkja.

Um er að ræða sérstakt framlag sem byggist á samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga frá árinu 2000. Markmið samningsaðila var að bæta sveitarfélögum að fullu reiknað tekjutap þeirra sem nemur mismun á því að leggja á fasteignaskatta miðað við fasteignamat á hverjum tíma, sem byggir á reiknuðu markaðsverði fasteigna, og reiknuðum álagningarstofni sem miðaðist við raunverð sambærilegra fasteigna í Reykjavík.



SUÐURNESJABÆR

Til þessa framlags er varið 6.500 m.kr. á árinu 2023. Hér er því um veigamikla breytingu að ræða. Umræddu samkomulagi hefur ekki verið sagt upp og hlýtur það því enn að vera í gildi. Suðurnesjabær gerir því fyrirvara um lögmæti lagabreytingarinnar. Tílefni er jafnframt til að undirstrika að afnám þessa framlags er á engan hátt forsenda þeirra breytinga á jöfnunarframlögum sem innleiða á með frumvarpinu.

Í minnisblaði Guðjóns Bragasonar kemur m.a. fram að afleiðingar þess að fasteignaskatts jöfnunarframlag er lagt niður verða með ýmsu móti fyrir sveitarfélög:

- Sveitarfélög sem koma vel út í nýju jöfnunarlíkani Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga munu ekki finna fyrir tekjufalli og einhver þeirra munu fá auknar tekjur við það að 6.500 milljónir króna bætast við það fé sem jöfnunarsjóður hefur til ráðstöfunar til jöfnunarframlaga.
- Sveitarfélög sem reiknast með lága eða jafnvel enga þörf fyrir jöfnunarframlög munu hins vegar tapa tugum og í sumum tilvikum hundruðum milljóna á ári vegna breytingarinnar. Í flestum tilvikum hafa sveitarfélögin ekki augljós tækifæri til að hagræða í rekstri til að vega á móti svo miklu tekjutapi. Möguleikar til að afla nýrra tekna eru sömuleiðis takmarkaðir.
- Sveitarfélög sem bregðast við breytingunni með því að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts í a-flokki (íbúðarhúsnæði) í lögbundið hámark geta mögulega innheimt skatttekjur sem nema nálægt því sem þau tapa við fyrirhugaða lagabreytingu.
- Framangreint myndi leiða til stóraukinna fasteignaskatta í hluta sveitarfélaga, sem kalla mætti skattþeningu. Þar sem álögur á íbúa í öðrum sveitarfélögum munu lítið breytast hljóta að vakna alvarlegar spurningar sem snúa að jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar.
- Líkur eru þó jafnframt á að jöfnunarlíkanið refsí þeim sveitarfélögum fyrir aukningu skatttekna með því að jöfnunarframlög lækki á móti um allt að 80% af tekjuaukningunni.

Þessi lýsing á mjög vel við um áhrif frumvarpsins á Suðurnesjabæ. Eins og á við um ýmis önnur sveitarfélög hefur Suðurnesjabær lækkað álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði til að koma til móts við íbúa vegna mikilla hækkana á fasteignamatí undanfarin ár. Samhliða því að sveitarfélagið hefur lækkað álagningarhlutfallið og þar með ekki fullnýtt heimildir til álagningar hefur fasteignaskattsframlag frá Jöfnunarsjóði verið skert samkvæmt þeim reglum sem gilda um útreikninga framlagsins.

Þar sem fasteignaskattsframlag verður lagt niður, samkvæmt frumvarpinu og framlög til Suðurnesjabæjar verða lækkuð eins og að framan greinir, eru líkur á að sveitarfélagið neyðist til að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði til að mæta lækkun á framlagi frá Jöfnunarsjóði ef frumvarpið verður óbreytt að lögum.

- Álagningarhlutfall fasteignaskatts í Suðurnesjabæ árið 2023 er 0,28% fyrir íbúðarhúsnæði ásamt því að álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði er í lögbundnu hámarki eða 1,65%.
- Það er því ljóst að aðeins er svigrúm til að hækka álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði í Suðurnesjabæ til að mæta yfir 204 mkr. lækkun framlagsins en lögbundið hámark slíkrar álagningar er 0,625%.
- Vert er að taka fram að álagningarhlutfall sömu skatta á íbúðarhúsnæði í Reykjavík er 0,18%, 0,166% í Garðabæ og 0,17% í Kópavogi.



- Ef skoðuð eru áhrifin af því að hækka fasteignaskatta í Suðurnesjabæ upp í lögbundið hámark á algengri eign sem bæri fasteignamat uppá 67,3 m.kr. myndi sú hækkun ein og sér hækka fasteignaskatt eignarinnar um 264.800 kr. á ári, hann færi úr 206.276 kr. upp í 471.063 kr.
- Heildarhækkun fasteignagjalda fyrir þessa viðkomandi eign væri því 295.047 kr. en heildar álagning færi úr 560.433 kr. upp í 855.480 kr. sem verður líklega að telja einsdæmi fyrir fasteign með ekki hærra fasteignamat.
- Ef fasteign með sama fasteignamat væri t.d. í Garðabæ væru fasteignaskattar af henni ekki nema um 122.200 kr. á ári í stað 471.063 í Suðurnesjabæ. Ef skoðaður er hlutfallsmunur á sambærilegum eignum í Suðurnesjabæ annars vegar og Garðabæ hins vegar má áætla að fasteign með fasteignamat uppá 67,3 mkr í Suðurnesjabæ væri um 103 mkr í Garðabæ. Íbúi í Suðurnesjabæ væri engu að síður að greiða um 289.500 kr. meira en íbúi í Garðabæ í beinan fasteignaskatt.
- Um væri að ræða hækkun fasteignaskatta á íbúa Suðurnesjabæjar upp á **123%** til þess að mæta einungis hluta af þeim áhrifum sem þessi skerðing veldur. Með því að grípa til slíkra verulega íþyngjandi skattahækkana á íbúa gæti Suðurnesjabær mögulega aukið beinar skatttekjur sínar um 190 mkr en væri þó ekki nægt til að brúa bilið sem skerðingin veldur, sérstaklega ekki ef horft er til 80% skerðingar jöfnunarframlags sem fjallað verður nánar um hér að neðan.

Mögulega er hér um nokkuð ýkt dæmi að ræða og hækkun álagningarhlutfalls yrði að líkindum eitthvað minni. En með vísan til umfjöllunar hér á eftir um 80% reglu myndi slík aukning skatttekna jafnframt leiða til lækkunar á jöfnunarframlagi. Vert er að árétta að meðal útsvarstekjur á íbúa í Suðurnesjabæ eru rétt um landsmeðaltal. Íbúar margra annarra sveitarfélaga ættu að líkindum auðveldara með að standa undir 123% hækkun á fasteignaskatti en alls staðar myndi slík hækkun mælast mjög illa fyrir.

Nánar um forsögu fasteignaskatts framlagsins og um fyrirvara við skýringar með frumvarpinu er vísað í umsögn Guðjóns Bragasonar lögmanns um frumvarpið.

Fullnýting útsvars, sbr. 13. gr. frv.

Í 13. grein frumvarpsins kemur fram grundvallarbreyting frá þeim drögum að frumvarpi sem var til umsagnar í mars sl. Með því að fella brott 4. og 5. málsgreinar úr frumvarpinu er gerð sú breyting að sveitarfélög sem ekki fullnýta heimild til álagningar útsvars fái óskert framlög frá Jöfnunarsjóði. Vert er að undirstrika sérstaklega að flest þessara sveitarfélaga standa vel fjárhagslega og eru jafnframt í mun betri færum til tekjuöflunar heldur en þau sveitarfélög sem reiða sig mest á framlög úr jöfnunarsjóði. Með breytingunni er vegið að forsendum jöfnunar og grundvallar markmiðum með sameiginlegum jöfnunarsjóði.

Í framangreindri bókun bæjarráðs kemur fram að í jafn umfangsmiklu máli og hér er á ferð geta sveitarfélög og samtök þeirra á engan hátt unað því að gerðar séu grundvallar breytingar á frumvarpinu, án samráðs, rétt fyrir framlagningu þess á þingi.

Breyting á 13. gr. frumvarpsins mun einkum gagnast sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu sem ekki leggja á hámarksútsvar. Breytingin gengur þvert gegn markmiðum frumvarpsins og mun valda tilfærslu verulegra fjármuna frá sveitarfélögum sem hafa takmarkaða möguleika



SUÐURNESJABÆR

til tekjuöflunar til sveitarfélaga sem gætu auðveldlega aukið tekjur sínar með öðrum leiðum.

Þá er umhugsunarefni að samhliða svo viðamikilli breytingu á frumvarpinu hafi ekki verið gerðar breytingar á öðrum þáttum þess, til dæmis hefði verið ástæða til að endurmeta áform um niðurfellingu á fasteignaskattsframlaginu með tilkomu grundvallar breytinga varðandi ákvæði í 13.grein.

Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði mun framlag sjóðsins til Suðurnesjabæjar lækka um 20 mkr. vegna þessara breytinga, sem er um 10% af þeirri lækkun framlaga til sveitarfélagsins sem leitt getur af samþykkt frumvarpsins.

Framlög úr Jöfnunarsjóði koma úr sameiginlegum sjóði og eiga að virka til jöfnunar. Það er einfaldlega ójöfnuður fólgin í því að sveitarfélög sem hvorki þurfa né vilja fullnýta sína skattstofna séu að fá full og óskert framlög úr sameiginlegum sjóði sem skerði jafnhliða framlög til sveitarfélaga sem eru í mestri þörf.

Með nokkurri einföldun má þannig segja að önnur sveitarfélög og íbúar þeirra fjármagni þann afslátt sem tiltekin sveitarfélög veita sínum íbúum með því að leggja ekki á hámarksútsvar. Á sama tíma gerir reiknilíkan ráð fyrir því sem ófrávikjanlegri meginreglu að sveitarfélög sem hafa tekjumöguleika umfram önnur fái lægri framlög frá sjóðnum eða í sumum tilvikum engin jöfnunarframlög.

Suðurnesjabær gerir alvarlega athugasemd við þessa breytingu á frumvarpinu, eins og bent er á í framangreindri bókun bæjarráðs. Þessi breyting frá þeim drögum að frumvarpi sem var í samráðsgátt stjórnvalda fyrir á árinu er ekki augljós, hvorki í texta frumvarpsins né í greinargerð um viðkomandi greinar þess. Þegar um svo augljóst grundvallar mál er að ræða hefði í það minnsta verið ástæða til að gera grein fyrir því með skýrum hætti þannig að það væri öllum ljóst.

80% reglan, svonefnt jöfnunarhlutfall

Samkvæmt því reiknilíkani sem gerð er grein fyrir í greinargerð með frumvarpinu og reiknar út framlög sjóðsins, þá er hluti af því svonefnd tekjuhagkvæmnilína. Þar er fjallað um jöfnunarhlutfall (80%) sem er ein forsenda fyrir útreikningi framlaga. Ef tekið er tilbúið dæmi um að t.d. tekjur einhvers sveitarfélags af fasteignasköttum hækki um 100 mkr., þá tapar viðkomandi sveitarfélag 80 mkr. framlagi frá Jöfnunarsjóði og eftir stendur nettó tekjuaukning upp á 20 mkr.

Líkja má þessu við áhrif jaðarskatta á tekjur einstaklinga. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við þessa aðferðafræði og þessi staðreynd gæti auðveldlega dregið úr hvata til aukningar tekna. Suðurnesjabær hvetur Alþingi til þess að skoða möguleika á mildari útfærslu og miða frekar við t.d. 30% skerðingu.

Tímabil innleiðingar

Í ákvæði til bráðabirgða II er fjallað um aðlögunartímabil við innleiðingu hins nýja jöfnunarlíkans. Þannig verði aðlögunartími þrjú ár og innleiðing verði í áföngum þar til nýja jöfnunarlíkanið verði að fullu innleitt árið 2028. Með tilvísun í fyrri umsögn um drög að frumvarpi ítrekar Suðurnesjabær athugasemd um að aðlögunartímabilið er of stutt og er lagt til að tímabilið verði lengt úr þremur árum í a.m.k. átta ár.



SUÐURNESJABÆR

Ef frumvarpið verður óbreytt að lögum mun það valda verulegum frávikum frá áætluðum tekjum Suðurnesjabæjar, eins og gert er ráð fyrir í fjögurra ára áætlun sveitarfélagsins-. Frumvarpið er því alvarleg ógn við fjárhagslega sjálfbærni sveitarfélagsins og er mikilvægt að aðlögunartímabilið verði lengra en gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Samkvæmt lögum eiga sveitarfélög að gera fjárhagsáætlanir til fjögurra ára og það þarf að vera hluti af hugmyndafræði á bak við jöfnunarkerfið að breytingar á framlögum til sveitarfélaga taki ekki stökkbreytingum á milli ára. Það er því með öllu óásættanlegt að mál sem hafa jafn mikil áhrif á fjárhag, rekstur og starfsemi sveitarfélagsins séu lögfest með ákvæðum um svo stuttan fyrirvara sem nær yfir núverandi áætlunartímabil sveitarfélagsins.

Lokaorð

Eins og fram kemur í greinargerðinni er núverandi regluverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélag að grunni til frá árinu 1990 og er tekið undir að nauðsynlegt sé að regluverk sjóðsins eigi að fylgja þróun og tímans tönn miðað við almenna þjóðfélagsþróun og breytingar á sveitarfélögum og verkefnum þeirra.

Í kafla 2.2 í greinargerðinni er fjallað um markmið. Þar kemur m.a. fram sú staðreynd að sveitarfélög fái í fangið ýmis lögbundin verkefni og taki ábyrgð á þeim og skyldur, óháð aðstæðum og mismunandi getu einstaka sveitarfélaga til að standa undir þeim. Þar kemur m.a. fram að fjölmennari og þéttbýlli sveitarfélög njóti meiri hagkvæmni í rekstri en önnur, tekjuöflunarmöguleikar eru misjafnir og ekki endilega í samræmi við útgjaldapörf. Af þessum sökum sé markviss jöfnun forsenda þess að öll sveitarfélög geti sinnt lögbundinni þjónustu við íbúa sína. Þá er nefnt að mikilvægt sé að fjárhagslegt jöfnunarkerfi sé hlutlægt og byggist á traustum mælikvörðum og forsendum. Þá sé mikilvægt að jöfnunarkerfið rýri ekki athafnafrelsi sveitarstjórna eða dragi úr hvötum til umbóta og framfara. Þá er eitt af markmiðum með frumvarpinu að stuðla að fjárhagslegum hvötum til sameininga og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga með tilliti til íbúafjölda.

Því miður vinna ýmis atriði í frumvarpinu gegn þeim markmiðum sem koma fram í greinargerðinni, bæði hvað varðar sveitarfélögin í heild en einnig ef litið er til einstaka sveitarfélaga. Sem dæmi má nefna að útgjaldabreytan varðandi fjölkjarna sveitarfélög gefur varla tilefni til sameiningar sveitarfélaga þar sem um fleiri en einn byggðarkjarna er að ræða. Niðurfelling fasteignaskattsframlags auk sérstakra framlaga til höfuðstaða og til að bera uppi skattaafslátt til íbúa sveitarfélaga sem leggja ekki á hámarksútsvar felur í sér stórkostlega tilfærslu á fjármunum til stærri sveitarfélaga frá minni og meðalstórum sveitarfélögum úti um landið. Þá má einnig nefna að í tilviki Suðurnesjabæjar vinnur frumvarpið gegn sjálfbærni sveitarfélagsins, þrátt fyrir að markmið með frumvarpinu sé til dæmis að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Að öllu samanteknu gerir Suðurnesjabær alvarlegar athugasemdir við frumvarpið og krefst þess að mun meira samráð verði um efni þess áður en sérstök löggjöf verði sett um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.



SUÐURNESJABÆR

Suðurnesjabær skorar á innviðaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga að taka málið til frekari umfjöllunar þar sem gætt verði að fullu samráði, sem hlýtur að vera eðlileg krafa þegar um svo umfangsmikið grundvallar mál er að ræða sem varðar mikla hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra.

Virðingarfyllt,

Magnús Stefánsson
bæjarstjóri

